

# ALGILD HÖNNUN Á LEIKSVÆÐUM, TORGUM OG ALMENNINGSGÖRÐUM.

Ólafur Ólafsson, deildarstjóri,  
skrifstofa framkvæmda og viðhalds,  
Umhverfis- og skipulagssviði



UMHVERFIS- OG  
SKIPULAGSSVIÐ

# FYRIRSPURN UM STÖÐU OG ÁÆTLANIR

Formaður mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráðs Dóra Björt Guðjónsdóttir beindi 17. maí 2021 fyrirspurn til Umhverfis og skipulagssviðs um stöðu og áætlanir algildrar hönnunar og aðgengis fyrir alla á leiksvæðum borgarinnar.

Bent var sérstaklega á nýja uppsetta bekki/skúlptúra á opnu svæði í Mæðragarðinum.

Leiktæki ekki aðgengileg öllum óháð færni, út frá hugmyndafræði algildrar hönnunar.

UPPFYLLA  
SKAL  
AÐGENGIS-  
ÞARFIR  
FATLAÐS  
FÓLKS

Umhverfis og skipulagssvið er mjög meðvitað um skyldu sína að við hönnun og skipulagningu almenningsrýma í borginni - og skyldu um að uppfylla aðgengisþarfir fatlaðs fólks.

Lögð er áhersla á að verkefnastjórar sviðsins og aðkeyptir hönnuðir útfæri leiksvæði, götur, stíga, torg og almennt allt manngert rými í samræmi við hugmyndafræði algildrar hönnunar.

# HANDBÓK UM ALGILDA HÖNNUN UTANDYRA

Umhverfis- og skipulagssvið í samvinnu við Vegagerðina létu árið 2019 sérmenntaðan ráðgjafa í aðgengismálum vinna leiðbeiningar í handbókar formi um algilda hönnun utandyra.

Þar eru kynntir helstu þætti sem þarf að hafa í huga þegar svæði utandyra eru hönnuð svo þau svo þau nýtist öllum með mismunandi þarfir.

# GÁTLISTI „AÐGENGIS FYRIR ALLA“

Samhliða útgáfu hönnunarleiðbeininga lét Umhverfis- og skipulagssvið vinna „Gátlista - aðgengis fyrir alla“.

Gátlistinn minnir verkefnistjóra og ráðgjafa á nauðsynleg atriði er varða „ Aðgengi fyrir alla“

Gátlistinn er fyrir allar framkvæmdir sem unnið er við utan dyra í almenningsrýmum og innan dyra í stofnunum borgarinnar.

Gátlistinn nýtist við vinnu á skipulagsstigi, í for- og verkhönnun, borgarhönnun ásamt í verkefnum í viðhaldi og rekstri.

AÐGENGISRÝNI  
VIÐ  
HÖNNUN  
OG  
FRAMKVÆMDIR

Til að hönnunarleiðbeinigarnar og „Gátlisti – aðgengis fyrir alla“ nýtist að fullu þurfa allir sem koma að hönnun og framkvæmdum að hafa aðgengisþarfir fatlaðs fólks í huga.

Ávalt skipuleggja vinnu sína út frá hugmyndafræði algildrar hönnunar.

Rýna þarf hönnun og framkvæmdir með aðgengi fyrir alla í huga.

# FJÖLBREITT OG MÖRG VERKEFNI

# MISKILNINGUR OG MISTÖK

Hlutverk verkefnastjóra er yfirgripsmikið og huga þarf að mörgu, við undirbúning, hönnun og framkvæmd.

Verkefnin eru fjölbreytt og mörg og því miður hefur það komið fyrir að ekki er alltaf unnið með hönnunarleiðbeiningar og gátlista og faglega aðgangsrýni.

Miskilnings gætir hjá sumum um að hugmyndafræði algildrar hönnunar gildi ekki í öllum almenningsrýmum og stofnunum borgarinnar.

M.a. að algild hönnun eigi ekki við þegar unnið er með listaverk og skúlþra í almenningsrýmum borgarinnar.

Varðandi Mæðragarðinn, skúlptúrinn/bekkina er ljóst að gera þarf úrbætur. Bæta aðgengi að svæðinu og slétta yfirborð gúmmímotta. Koma fyrir bekkjum og borði sem henta fötluðum og eldra fólki til samræms við ákvæði um algilda hönnun.

# STAÐA OG ÁÆTLANIR

# ALGILD HÖNNUN

Umhverfis- og skipulagssvið hefur til þessa lagt áherslu á að skapa aðgengi fyrir alla, inn á öll leiksvæði borgarinnar.

Einnig að tryggja fötluðum að ferðast eftir malbikuðum/steyptum/hellulögðum stígum og svæðum innan leiksvæðanna. Kantar meðfram stígum séu ekki hærrí en aðliggjandi grassvæði.

Framvegis þarf að leggja meiri áherslu á að hluti leiktækja verði sérstaklega valin og hönnuð fyrir þarfir fatlaðra.

Tryggt verði að bekkir og borð uppfylli aðgengisþarfir fatlaðs fólks.

Í útboðsgögn og verklýsingar er ákjósanlegt að setja sérstakar kröfur um að ráðgjafar skuli vinna hönnun og rýni útboðsgagna eftir hugmyndafræði algildrar hönnunar.



# ALGILD HÖNNUN TIL FRAMTÍÐAR

Til að tryggja aðgengisþarfir fatlaðs fólks út frá hugmyndafræði algildrar hönnunar er lagt til að regluleg fræðsla til verkefnastjóra og aðgengisrýni á sviði hönnunar- og framkvæmda í hverju verki verði augin.

Að svo geti orðið er lagt til að sérstakur verkefnisstjóri aðgengismála taki til starfa á Umhverfis- og skipulagssviði. Hann hafi að aðalstarfi að veita verkefnastjórum og hönnuðum ráðgjöf og annist reglubundna rýni aðgengis í verkum á vegum borgarinnar.

TAKK FYRIR

